

Skólaráð Hörðuvallaskóla

5. fundur skólaársins 2020-2021, haldinn 21.01.2021

Skólastjóri: Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra:

Fulltrúi grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir

Fulltrúar kennara: Unnur Helga Óttarsdóttir

Fulltrúi starfsfólks: Sigríður Einarsdóttir

Fulltrúar nemenda: Dagskrá og afgreiðslur:

1. Breyting á skóladagatali

Skólastjóri óskaði eftir að færa til skerta daga á skóladagatali 22. og 23. mars þannig að þeir yrðu 26.mars og 7.6. en það hentar mun betur starfi skólans. Þetta var samþykkt og verður tillagan send til Menntasviðs og skólanefndar.

2. Skóladagatal næsta árs

Rætt um skóladagatal næsta skólaárs þar er flestir dagar eru fyrirfram ákveðnir. Rætt um að gott sé að hafa viðtalsdaga vikuna sem þarf að lána íþróttastöðuna vegna þorrablóts. Dagatalið verður rætt á starfsmannafundi og kemur svo aftur til skólaráðs.

3. Fréttir af endurbótum í Kórnum

Úr fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar:

Á árinu 2021 verður 200 milljónum króna varið í endurbætur í Kórnum svo hægt verði að nýta húsnæðið betur í tengslum við það skólastarf sem þar fer fram hjá Hörðuvallaskóla og bættu þjónustu við íbúa í efri byggðum. Gert er ráð fyrir 10 milljónum til undirbúnings fyrir bókasafn og menningarmiðstöð í Kórnum.

Skólaráð fagnar þessari ákvörðun. Ákveðið var að Marta ítreki ósk um fund með Menntasviði þar sem farið væri yfir málin og framkvæmdaáætlun. Á þann fund myndu fara Marta, Kolbrún, Þórunn og Arnar.

4. Önnur mál

Eftir að námskynningar hættu er erfiðara að fá bekkjarfulltrúa, er hægt að bregðast við því á einhvern hátt? Hafa eitthvað í skólanum sem foreldrar myndu mæta á og þar yrði kosið. Kallað eftir hugmyndum en skólinn og foreldrafélagið þurfa að hjálpast að í þessu.

Næsti fundur áætlaður fimmtudag 04.02.2021, kl 15:00

fundargerð ritaði
Þórunn